Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Sörli

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að reiðveganefndir landssvæða skulu móta 5 ára áætlun um uppbyggingu og viðhald reiðvega á sínu svæði og skila til Umhverfis- og samgöngunefndar LH. Skal sú áætlun uppfærð ár hvert eftir því sem við á. Á grundvelli þeirra áætlana sækja reiðveganefndir landsvæða svo sameiginlega um reiðvegafé til Umhverfis- og samgöngunefndar LH.

Greinargerð:

Reiðvegir um landið liggja þvert á hreppamörk og hestamannafélög. Þétt samstarf hestamanna um uppbyggingu og viðhald reiðvega í stærra samhengi er mikið hagsmunamál. Heildstæð áætlun um uppbyggingu reiðvega á hverju svæði ætti að greiða fyrir fjárveitingum til reiðvegagerðar, hvort heldur sem er frá Vegagerðinni eða þeim sveitarfélögum sem að félögunum standa.

Vegagerðin hefur hert reglur um úthlutun reiðvegafjár frá vordögum 2025, en nú þarf að leggja fram reikninga fyrir kostnaði og staðfesta framkvæmdir við fulltrúa Vegagerðarinnar á hverju fjárhagsári.

Þannig hafa félögin ekki lengur heimild til þess að leggja fyrir fé frá Vegagerðinni og safna þannig fyrir stærri framkvæmd yfir nokkurra ára tímabil. Hér skal nefnt dæmi. Félag sækir um fé fyrir uppbyggingu reiðvegar sem áætlað er að muni kosta 10 milljónir. Félagið fær úthlutað 2 milljónum árlega og gæti þá lagt það fé fyrir á 5 ára tímabili og klárað verkið. Í dag standa málin þannig að ef þessar 2 milljónir fara ekki í framkvæmdir á fjárhagsárinu fellur úthlutunin niður. Þannig er félögunum gert ókleift að bjóða t.d. út framkvæmd í heilu lagi og ná þannig fram kostnaðarhagræðingu.

Þessu til viðbótar er mismunandi á milli svæða hversu margir km af reiðvegum eru á skipulagsáætlunum sveitarfélaganna og væri því skynsamlegt að horfa til lengri tíma og í samhengi við skipulagsáætlanir þegar fé er úthlutað til einstakra hestamannafélaga.

Ef reiðveganefndir landssvæðanna koma sér saman um áætlun um uppbyggingu reiðvega til lengri tíma er auðveldara að sammælast um að t.d. fé til ferðaleiða fari allt á einn stað á tilteknu tímabili í stað þess að úthluta til félaganna litlum upphæðum árlega sem jafnvel duga ekki fyrir efni í nýja reiðvegi.

Með virkara starfi innan svæðisnefndanna er mun líklegra að hestamönnum takist að standa vörð um reiðleiðirnar í landinu og jafnvel að byggja upp nýjar og skemmtilegar leiðir og ekki síður nýta mun betur þá fjármuni sem renna til reiðvegagerðar.